



Oddeyrarskóli við Víðivelli

Árgangar: 1. – 10. bekkur

Fjöldi nemenda: 190

Fjöldi starfsmanna: 40

Sími: 460-9550

Skólustjóri: Kristín Jóhannesdóttir

oddeyrarskoli@akureyri.is oddeyrarskoli.is



Einkunnarorð: Ábyrgð – virðing – vinátta

Sýn skólans:

Í Oddeyrarskóla vinnum við saman að því að skapa skólasamfélag sem nær árangri. Það einkennist af jákvæðum skólabrag, áhugasömum og metnaðarfullum einstaklingum.

Áhersla er lögð á að stuðla að jákvæðu, hlýlegu og persónulegu viðmóti innan skólans þar sem bæði nemendur og starfsfólk leggja sig fram um að sýna hvert öðru virðingu og sanngirni.

Nemendur skólans eru í tíu bekkjardeildum, einn bekkur í árgangi. Unnið hefur verið að því að auka samvinnu kennara í teyllum til að gera undirbúning og kennslu árangursríkari og koma betur til móts við ólíkar þarfir barna. Því eru nemendur stundum í aldursblönduðum hópum, en það fer eftir verkefnum og aðstæðum hverju sinni.

Við vinnum samkvæmt hugmyndafræði SMT skólafærni (*school management training*). Þar er lögð áhersla á jákvæðan stuðning við hegðun nemenda, að nemendur fái skýr skilaboð og að skólareglur séu sýnilegar og virkar.

Oddeyrarskóli á skipulagt og gott samstarf við leikskólann Iðavöll sem byggir á heimsóknum nemenda og samstarfi kennara.

Við viljum skapa skilyrði til náms með leik, sköpun og hefðbundnu bóknámi. Við vinnum samkvæmt hugmyndafræði byrjendalæsis í yngstu bekkjunum, en markmið þess er að börn nái góðum árangri í læsi sem allra fyrst á skólagöngu sinni og er gengið út frá því að börn fái

lesefni sem kveiki áhuga þeirra, ýti undir ímyndunarafl og hvetji þau til gagnrýninnar hugsunar. Einnig erum við að þróa notkun samræðunnar í kennslustofunni þar sem nemendur m.a. auka hugtakaskilning sinn og fá þjálfun og hvatningu í lykilhæfnipáttunum að tjá sig, miðla upplýsingum, nota gagnrýna hugsun, taka þátt í samvinnu og bera ábyrgð á eigin námi.

Undanfarin ár hafa nemendur á unglíngastigi leyst stærðfræði- og íslenskuverkefni í gagnvirka vefumhverfinu *Moodle*. Verkefnið um stærðfræðina hefur um árabil verið samstarf Oddeyrarskóla og Brekkuskóla. Verkefnin eru í stöðugri þróun og það er markmið okkar að bæta og efla þetta námsumhverfi. Þá hefur skólinn einnig átt frumkvæði að því að þróa notkun *Google for education umhverfisins* í námi nemenda og samstarfi starfsfólks. Google umhverfið nýtist ýmist við ritunavinnu, sjálfsmat og í samvinnu milli nemenda. Þetta eykur möguleika á fjölbreyttri vinnu í öllum námsgreinum og markvissari endurgjöf.

Oddeyrarskóli leggur mikið upp úr góðu samstarfi við foreldra og viljum við fyrst og fremst leggja áherslu á gagnkvæmt traust og jákvæð samskipti við fjölskyldur nemenda okkar, þeim til hagsbóta.

Við trúum því að samábyrgð og samvinna heimila og skóla sé hornsteinn að þroska, námi og velferð barna og ungmenna og við bjóðum foreldra og börn velkomin til samstarfs við okkur í Oddeyrarskóla.

